

Launaseðillinn minn eftir gildistöku betri vinnutíma í vaktavinnu

Vaktaálag

1. Hvernig get ég athugað hvort ég hafi fengið rétt vaktaálag?

- ✓ Telja tímana sem unnið var á næturvöktum kl. 00:00-08:00 á virkum dögum og bera saman við þann tímafjölda sem greitt var 65% álag. Virkir dagar miðast við aðfaranótt þriðjudags, miðvikudags, fimmtudags og föstudags.
- ✓ Telja tímana sem unnið var á næturvöktum kl. 00:00-08:00 um helgar og bera saman við þann tímafjölda sem greitt var 75% álag. Næturvaktir um helgar teljast aðfaranótt laugardags, sunnudags og mánudags.
- ✓ Telja tímana sem unnið var á kvöldvakt kl. 17:00-00:00 á virkum dögum og bera saman við þann tímafjölda sem greitt var 33,33% álag.
- ✓ Telja tímana sem unnið var um helgar kl. 08:00-00:00 og á föstudagskvöldum kl. 17:00- - 00:00 og bera saman við þann tímafjölda sem greitt var 55% álag.
- ✓ 90% álag er greitt fyrir stórhátíðardaga.
- ✓ 120% álag er greitt fyrir aðfangadag, jólanótt, gamlársdag og nýársnótt frá kl. 16:00-08:00.

Vaktahvati

2. Hvernig get ég athugað hvort ég hafi fengið réttan vaktahvata?

Til að fá vaktahvata þarf vaktavinnustarfsmaður að uppfylla fjögur skilyrði.

- ✓ Telja klst. utan dagvinnumarka á vaktaálagi 33,33%, 55%, 65%, 75%, 90% og 120%. Til þess að eiga möguleika á vaktahvata þarf að ná að lágmarki 42 klst. utan dagvinnumarka á launatímabili.
- ✓ Telja tegundir vakta, til þess að eiga möguleika á vaktahvata þarf að vinna 2-4 tegundir vakta á launatímabili. Tegundir vakta eru eftirfarandi:

	Morgunvakt	Kvöldvakt	Næturvakt
Mán.	a	b	C
Þri.	a	b	C
Mið.	a	b	C
Fim.	a	b	C
Fös.	a	d	d
Lau.	d	d	d
Sun.	d	d	d

- ✓ Telja fjölda stunda í hverri tegund. Til þess að tegund vakta teljist upp í vaktahvata þarf að lágmarki 15 vinnuskyldustundir í hverri tegund á launatímabilinu.
- ✓ Telja mætingarnar á launatímabilinu. Til þess að eiga möguleika á vaktahvata þurfa mætingar að vera að lágmarki 14.

	Fjöldi tegunda vakta			
Fjöldi vakta	1	2	3	4
19		10,0%	12,5%	12,5%
18		7,5%	10,0%	12,5%
17		7,5%	7,5%	12,5%
16		2,5%	7,5%	10,0%
15		2,5%	2,5%	7,5%
14			2,5%	7,5%

Vægi vinnuskila

3. Hvernig get ég athugað hvort vægi vinnuskuldustunda séu rétt hjá mér?

- ✓ Telja fjölda tíma sem unnir eru á kvöldvakt (17:00 – 00:00) og margfalda með 1,05
- ✓ Telja fjölda tíma sem unnir eru á næturvakt (00:00 – 08:00) og margfalda með 1,2
- ✓ Telja fjölda tíma sem unnir eru á morgun- og kvöldvakt um helgar (föstudagskvöld meðtalið) og margfalda með 1,05
- ✓ Leggja saman alla tímuna með vægi og bera saman við heildarvinnuskil á launatímabili.

Breytingargjald

4. Hvernig get ég athugað hvort ég hafi fengið rétt breytingargjald?

- ✓ Breytingargjald 1 birtist á launaseðlinum sem Breytingargjald 1,3 og reiknast 1,3% af mánaðarlaunum. Breytingargjald 1 verður til þegar vakt er breytt með fyrirvaranum 24 – 168 klst (7 dagar).
- ✓ Breytingargjald 2 birtist á launaseðlinum sem Breytingargjald 2,0 og reiknast 2% af mánaðarlaunum. Breytingargjald 2 verður til þegar vakt er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst.
- ✓ Breytingargjald aukavakt birtist á launaseðlinum sem Breytingargjald aukavakt og reiknast 1,3% af mánaðarlaunum og miðast við 8 klst vakt og hlutfallslega fyrir styttri eða lengri vaktir. Breytingargjald aukavakt verður til þegar yfirvinnuvakt er sett á með skemmri fyrirvara en 24 klst.

Fyrsta útborgun

5. Hvers vegna fæ ég ekki fullan vaktahvata við fyrstu útborgun?

- ✓ Hjá þeim sem eru með launatímabil frá 16. hvers mánaðar til 15. næsta mánaðar (t.d. 16. maí til 15. júní) eða 11. hvers mánaðar til 10. næsta mánaðar greiðst ekki fullur vaktahvati fyrir tímabilið 1. - 15. /11. maí. Þar sem ekki er um fullt launatímabil að ræða ávinnur starfsmaður sér ekki fullan vaktarhvata við fyrstu útborgun.
- ✓ Ef launatímabil er styttra en venjulega eru teknir fjöldi daga sem falla á tímabil og þeir hlutfallaðir miðað við 30,4 (meðalfjöldi daga í mánuði).
- ✓ Skilyrði sem þarf að uppfylla í vaktahvata er í sama hlutfalli og tímabilið sem um ræðir.